

# Ársfundur SSKS 2025

Haldinn á Hilton Reykjavík Nordica miðvikudaginn 1. október 2025 kl. 11:30.

## Fundargerð

Íris Róbertsdóttir, formaður SSKS, setti fundinn og bauð fólk velkomið og byrjaði á að skila kveðju frá Kristni Jónassyni og Björgu Ágústsdóttur sem eru í stjórn en komust því miður ekki á fundinn að þessu sinni vegna kjördæmaviku.

Lagði hún til að fundarstjórn yrði í hennar höndum og að Valur Rafn Halldórsson frá Sambandinu, myndi rita fundargerð. Var það samþykkt samhljóða.

### a) Skýrsla stjórnar 2024-2025.

Íris Róbertsdóttir flutti skýrslu stjórnar þar sem kom fram að á liðnu starfsári hefur verið mikil virkni innan stjórnar en haldnir voru níu stjórnarfundir. Stjórnin hefur lagt ríka áherslu á samskipti við hagaðila í orkugeiranum og átt í reglulegum heimsóknnum og viðræðum. Einnig hefur verið opið og gott samtal við ráðherra málaflokksins og embættismenn sem og aðra ráðherra. Tveir formlegir fundir hafa verið haldnir með ráðherra og að auki verður á næstunni haldinn sameiginlegur fundur með ráðherra og fulltrúum aðildarsveitarfélaga SSKS. Stjórn hefur þegar sent formlegt bréf á ráðherra til að þakka kærlega fyrir gott samstarf.

Samskipti við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hafa verið umfangsmikil og hefur samtökunum ítrekað verið boðið að taka þátt í samtalinu, bæði við borð ráðherra og á vettvangi þingnefnda. Lagabreytingar eru í farvatninu sem varða starfsemi samtakanna, og hefur stjórnin fylgst vel með þeim og komið sínum sjónarmiðum á framfæri.

Nýtt átak, Jarðhitinn jafnar leikinn, var kynnt á árinu og fengu samtökin boð um að taka þátt í kynningu þess sem stjórn fannst skipta máli. Fyrstu styrkjum hefur þegar verið úthlutað og fellur verkefnið vel að markmiðum samtakanna.

Til viðbótar hafa samtökin hafa verið sýnileg á ársfundum Landsnets og Landsvirkjunar. Það er því orðið ljóst að samtökin hafa fest sig í sessi sem gildandi aðili innan orkugeirans og í samskiptum við stjórnvöld. Stjórn hefur unnið markvisst að því að efla samstarf við orkusveitarfélögin á tímabilinu sem hefur gengið vel. Að lokum kom fram að verkefnið framundan séu spennandi og horfir hún björtum augum til næsta starfsárs.

*Katrín Sigurjónsdóttir sveitarstjóri Norðurþings og varamaður í stjórn SSKS bað um orðið. Tók hún undir með Írisi um að samtökin hafi náð að gera sig gildandi innan málflokksins og haldið uppi öflugum starfi. Þakkaði hún stjórn fyrir þeirra störf og samstarfið á liðnu ári.*

### b) Ársreikningar og fjárhagsáætlun.

Íris Róbertsdóttir formaður fór yfir ársreikninga fyrir árið 2024 og kynnti samþykka fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árið 2025.

*Ársreikningur samþykktur samhljóða.*

### c) Ákvörðun um árgjald

Stjórnin leggur til að árgjöld verði óbreytt frá seinasta ári þannig að þau verði í fjórum þrepum og er það í samræmi við það sem gerist hjá öðrum aðildarsamtökum innan Sambandsins:

1-1.000 íbúar	50.000 kr.
1.001-3.000 íbúar	100.000 kr.
3.001-5.000 íbúar	150.000 kr.
5.001- íbúar	200.000 kr.

*Samþykkt samhljóða.*

Formaður frestaði formlegum aðalfundi kl. 12:00 til að fá inn Rögnu Árnadóttur forstjóra Landsnets.

## **Erindi frá Rögnu Árnadóttur, forstjóra Landsnets**

### **Ragna Árnadóttir forstjóri Landsnets**

Ragna Árnadóttir, forstjóri Landsnets, þakkaði fyrir boðið og fór yfir þær áskoranir sem fyrirtækið stendur frammi fyrir og benti hún á að flutningskerfið væri orðið uppselt. Kerfið er vissulega orðið sterkt á Suðvesturlandi og Norðausturlandi, en flutningsgeta milli landshluta sé ófullnægjandi.

Í máli hennar kom fram að fram undan séu stór verkefni til að tryggja bæði orkuöryggi og orkuskipti. Unnið sé að því að styrkja kerfið víða um land og hafi þegar verið sett inn í kerfisáætlun hvaða framkvæmdir Landsnet stefni á. Hún minnti þó á að það taki meira en þrjú ár að byggja háspennulínu og því þurfi raunhæfar áætlanir að liggja fyrir.

Í þessu samhengi nefndi hún sérstaklega Suðurnesjalínu 2 og sagði að „sporin hræddu“. Hún lagði áherslu á að þjóðhagslega mikilvægar framkvæmdir verði settar í forgang og að aukinn kraftur þurfi að koma frá stjórnvöldum.

Ragna fór einnig yfir stöðuna eftir landshlutum.

- Vestfirðir: Mikil áhersla á uppbyggingu. Framkvæmdir standa yfir við Suðurhring og Mjólka, og tvöföldun meginflutningskerfis (Miðdalur–Kollafjörður–Mjólka–Breiðadalur) er á áætlun og á að ljúka innan 10–15 ára.
- Norðausturland: Gott ástand að Húsavík, en austan Húsavíkur vantar tvítengingar sem eru á langtímaáætlun. Langanes er utan flutningskerfisins, en unnið er að skammtímalausn í dreifikerfinu.
- Austurland: Almennt gott ástand og mikil uppbygging síðustu ár. Framundan eru verkefni sem snúa að lokafrágangi tvítenginga.
- Suðurland: Mjög gott ástand almennt. Tvítenging við Vestmannaeyjar er á lokametrinum, en þó hafi komið ábendingar um að bæta þurfi ýmsa þætti til að nýta tækifærin að fullu.
- Vesturland: Tvítengingar á Snæfellsnesi eru orðnar góðar og undirbúningur stendur yfir fyrir tvítengingar Snæfellsness við meginflutningskerfið.

Að lokum minnti hún á að allt landið væri samtengt með byggðalínunni. Ef hún væri ekki tryggð væri hún veikur hlekkur í orkuöryggi og aðgengi að raforku.

Að loknu erindi Rögnu átti hún gott samtal við fulltrúa fundarins um ýmis mál eins og flutningskerfið, nýtingu orku í heimabyggð, orkuskipti, mikilvægi þess að hægt sé að hlaða bíla á vinsælum ferðamannasvæðum og áhersla lögð á gott samtal og samvinnu við sveitarfélögin. Var rætt sérstaklega

um þau svæði sem eru ekki á korti Landsnets og mikilvægi þess að það séu hvatar í kerfinu þegar það þarf að fara með línu í gegnum landsvæði til að flytja orku.

#### **(d) Umræður og ályktanir um orkumál**

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu að bókun aðalfundar SSKS:

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum lýsir ánægju með þann mikla áhuga sem ný ríkisstjórn og ráðherra umhverfis-, orku og loftslagsmála hefur sýnt málefnum kaldra svæða.

Mikilvægt er að tryggja íbúum, fyrirtækjum og sveitarfélögum á köldum svæðum jöfn búsetutækifæri á við önnur landssvæði. Til að svo geti orðið þarf að:

- Efla jarðhitaleit svo hægt sé að hita upp fleiri svæði með jarðvarma
- Leita allra leiða til að auka orkunýtingu og lækka orkukostnað
- Auka niðurgreiðslu til sveitarfélaga og fyrirtækja á köldum svæðum
- Jafna dreifikostnað

Aðalfundur SSKS bindur miklar vonir við að yfirlýst markmið ráðherra í málaflokknum nái fram að ganga.

*Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða.*

#### **(e) Kosning þriggja manna í stjórn og þriggja manna til vara.**

Tillaga kom um að í aðalstjórn og varastjórn væru:

Aðalstjórn:

- Íris Róbertsdóttir, Vestmannaeyjabær,
- Kristinn Jónasson, Snæfellsbær
- Björn Ingimarsson, Múlaping

Varastjórn

- Björg Ágústsdóttir, Grundarfjarðarbær
- Gerður Björk Sveinsdóttir, Vesturbyggð
- Valdimar O. Hermannsson, Vopnafjarðarhreppur

Ný stjórn kjörin með öllum greiddum atkvæðum.

Íris Róbertsdóttir þakkaði Katrínu Sigurjónsdóttur kærlega fyrir samstarfið og bauð Valdimar velkomin inn í stjórn.

#### **(f) Tillögur að breytingum á samþykktum**

Formaður gerði grein fyrir tillögum að breytingum á samþykktum.

*Eftirfarandi samþykktir voru samþykktar samhljóða.*

# Stofnskrá Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Samþykkt á stofnfundi 20. nóvember 1996

## 1. gr.

Nafn samtakanna er Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum, skammstafað SSKS. Lögheimili þess og aðsetur er hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

## 2. gr.

Sérhvert sveitarfélag sem telur sig hafa hagsmuni af starfsemi samtakanna skv. 3. gr. getur verið aðili að samtökunum.

## 3. gr.

Tilgangur samtakanna er:

- a) Að standa vörð um hagsmuni aðildarsveitarfélaga, íbúa og fyrirtækja í öllum málum sem tengjast jöfnun orkukostnaðar til húshitunar á „köldum svæðum“
- b) Að stuðla að því að niðurgreiðsla og stuðningur nái til allra fasteigna óháð notkun og eignarhaldi.
- c) Að stuðla að (frekari) jarðhitaleit.
- d) Að afla og dreifa upplýsingum um orkumál til aðildarsveitarfélaganna.
- e) Að stuðla að aukinni þekkingu almennings á leiðum til orkusparnaðar
- f)

## 4. gr.

Aðalfundur SSKS hefur æðsta vald í málefnum samtakanna. Aðalfundur skal halda í tengslum við fjármálaráðstefnu sveitarfélaga ár hvert. Á aðalfundi starfa starfsnefndir skv. ákvörðun fundarins, þ.á m. kjörnefnd.

## 5. gr.

Öll aðildarsveitarfélög hafa seturétt á aðalfundi og velja þau fulltrúa með atkvæðisrétt á aðalfund. Hvert sveitarfélag hefur eitt atkvæði við atkvæðagreiðslur en allir þingfulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt. Aðildarsveitarfélög skulu tilgreina með tilnefningu hver fulltrúa sveitarfélagsins fer með atkvæði þess. Skilyrði atkvæðisréttar er að viðkomandi sveitarfélag sé skuldlaust við samtökin.

## 6. gr.

Stjórn SSKS skal boða til aðalfundar eigi síðar en tveimur vikum fyrir fundardag. Fundarboði skulu fylgja dagskrá fundarins, drög að skýrslu stjórnar, ársreikningar samtakanna, tillaga að fjárhagsáætlun og tillögur um lagabreytingar.

Aðalfundur skal ákvarða hverju sinni árgjöld aðildarsveitarfélaga þannig að samanlögð árgjöld nægi til þess að standa straum af kostnaði við rekstur samtakanna.

Stjórn samtakanna skal leggja fram tillögu um árgjöld fyrir hvert þing. Við ákvörðun árgjalda skal taka sanngjarnt tillit til íbúafjölda aðildarsveitarfélaga.

#### **7. gr.**

Á dagskrá aðalfundar SSKS skal m.a. taka fyrir eftirfarandi:

- a) skýrslu stjórnar,
- b) ársreikning samtakanna,
- c) starfs- og fjárhagsáætlun samtakanna ásamt ákvörðun um árgjöld og þóknun stjórnar,
- d) lagabreytingar,
- e) kosningu formanns stjórnar, annarra stjórnarmenn og varastjórnar,
- f) kosningu tveggja skoðunarmanna,
- g) mál sem stjórn samtakanna, einstakir fulltrúar eða sveitarstjórnir óska að tekin verði fyrir.

#### **8. gr.**

Heimilt er stjórninni að boða til aukaaðalfundar, ef þörf krefur. Aukaaðalfundur skal boða með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Aukaaðalfundur getur einungis tekið fyrir mál sem getið er í fundarboði.

#### **9. gr.**

Stjórn SSKS skal skipuð þrem aðilum og þremur til vara. Skulu þeir kosnir á aðalfundi samtakanna, sbr. 7. gr. e-lið. Aðalfundur kýs formann sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Kjörtímabil stjórnar er eitt ár. Við kjör stjórnar skal leitast við að fulltrúar í stjórn samtakanna endurspegli sem best fjölbreytni þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að SSKS og skal hlutfall kynja í stjórn vera eins jafnt og kostur er, annars vegar í aðalstjórn og hins vegar í varastjórn.

Segi fulltrúi sig úr stjórn SSKS ákveður stjórn hvaða varafulltrúi tekur sæti hans. Við ákvörðun sína skal stjórn taka tillit til niðurstöðu úr stjórnarkjöri og ofangreindra reglna um samsetningu stjórnar.

#### **10. gr.**

Stjórn samtakanna ræður málum þess milli þinga.

Stjórnin skal halda a.m.k. fimm stjórnarfundum á ári. Stjórnarformaður boðar stjórnarmenn saman til funda. Heimilt er að halda fjarfundi og gilda sömu reglur um þá fundi og aðra fundi. Stjórnin heldur fundargerð og skulu endurrit fundargerða send aðildarsveitarfélögum.

#### **11. gr.**

Reikningsár SSKS skal vera almanaksárið.

Stjórn SSKS samþykkir ársreikninga samtakanna eftir að þeir hafa verið kynntir aðildarsveitarfélögum og yfirfarnir af skoðunarmönnum, en þeir eru síðan lagðir fram á næsta aðalfundi til staðfestingar.

Starfs- og fjárhagsáætlun til næsta árs skal lögð fram á aðalfundi til samþykktar.

Stjórn samtakanna getur breytt fjárhagsáætlun milli aðalfunda eftir að breytingartillögurnar hafa verið kynntar aðildarsveitarfélögum. Stjórn er þó ekki heimilt að auka heildarútgjöld samtakanna nema að því marki að tekjur hrökkvi til.

Stjórninni er heimilt að skipa starfsnefndir um einstök mál og ákveða þóknun til nefndarmanna.

#### **12. gr.**

Samþykktum þessum má breyta á aðalfundi. Til lagabreytinga þarf 2/3 hluta atkvæða mætttra fulltrúa.

**13. gr.**

Ákvörðun um slit samtakanna verður aðeins tekin á aðalfundi með 2/3 hluta atkvæða. Verði slík tillaga samþykkt skulu eignir samtakanna renna til Sambands íslenskra sveitarfélaga til varðveislu en verði önnur samtök stofnuð í sambærilegum tilgangi skulu eignirnar renna til þeirra.

**Gildistaka**

Breytingar samþykktar á aðalfundi SSKS 1. október 2025.

Að lokum fundar þakkaði Íris fyrir traustið og samstarfið á liðnu starfsári og sleit fundi kl. 13:10